



499. fundur Þingvallanefndar

8. febrúar 2023 kl 11.30

Skrifstofa Þingvallanefndar, Austurstræti 12.

Mætt: Vilhjálmur Árnason formaður, Oddný G. Harðardóttir, Orri Páll Jóhannsson, Tómas A. Tómasson og Andrés Ingi Jónsson. Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir og Berglind Ósk Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

Einar Á.E.Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Torfi Stefán Jónsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Tillögur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að breytingum á stofnanaumhverfi ráðuneytisins.

Formaður fór í stuttu máli yfir sögu Þingvallanefndar og stöðu hennar innan stjórnkerfisins og hver staða hennar er gagnvart Alþingi og stjórnslu. Formaður kynnti helstu atriði sem komið hafa fram í fyrirætlunum umhverfis, orku- og loftslagsráðherra og þar sé gert ráð fyrir sjálfstæði mismunandi svæða.

Þjóðgarðsvörður gerir grein fyrir rekstri og starfsemi þjóðgarðsins sem hefur gengið mjög vel í kjölfar faraldursins og endurskipulagningar. Tekjustreymi stendur undir vel mönnum þjóðgarði og þeir miklu þjónustu sem kallað er eftir án vandkvæða samfara mikilli innviðviðauppbýggingu sem hefur átt sér stað. Yfirbygging þjóðgarðsins er því með minnsta móti.

Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir vinnu við þessar tillögur en hann hefur setið fundi síðan í haust vegna þeirra. Umræður um mismunandi rekstrarform og eðli sameiningarinnar og hverju hún skilar og hverju hún getur skilað þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Þingvallanefnd óskar eftir frekari upplýsingum um útfærslu sameiningarinnar og hvernig hagsmunir þjóðgarðsins eru tryggðir innan sameiningarinnar. Rætt um að fá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra á fund Þingvallanefndar til að kynna tillöguna.

2. Erindi frá Sýndarveruleika ehf. - Tímabundið samstarfsverkefni sumarið 2023. Umræður en afgreiðslu frestað.

3. Hraunstígur 1 (L170333); byggingarheimild; sumarbústaður – viðbygging

Umræður en afgreiðslu frestað.

4. Deiliskipulag-staða-vinnufundur

Umræður um stöðu eftir kynningu fyrir Þingvallanefnd á síðustu vikum. Formaður leggur til frekari kynningu og samráð við sveitarfélagið Bláskógabyggð.

Önnur mál.

Þjóðgarðsvörður skýrir nefndarmönnum frá undirbúningi að lokun skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12. Leigusala hefur verið tilkynnt að leigusamningur verður ekki framlengdur þegar hann rennur út í júlí 2023.

Þingvallanefnd ákveður að bjóða forsætisráðherra, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og forseta Alþingis til Þingvalla. Tilgangur heimsóknarinnar er að kynna nýja og bættu skrifstofuaðstöðu þjóðgarðsins í gestastofu og ræða framtíðar hugmyndir um uppbyggingu innviða fyrir gesti þjóðgarðsins ásamt mögulegri aðstöðu fyrir Alþingi á Þingvöllum.

Þjóðgarðsverði er falið að undirbúa slíka heimsókn við fyrsta tækifæri.

Fundi slitið